Olli Trw sterk, Abels Foorn-Verk, allvel þocknadist Gudi, ORottni so sætt, þykir miog mætt, Munn-Offur þess sem trwdi, er þad Bæn ein, osfug og hrein, orkandi Bootum Meina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Enochs Trw vann, ad saa Guds Mann, upp var numinn i Hædir, hun so Gyrnd Manns, til Himna Ranns, Heimsins fraa Glisi leidir, eilijfst Lijf þvi, og Jbwd Christi, oss giefst hier nu ad reyna,

na, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Sonn Trw þad vann, Sara gat Mann, sijnum i Alldurdoomi, so gietur Christ, sierhvor Saal vijst, sem er prijdd Skijrleiks Bloomi; enn þetta hier, andlega skier, Oflgan vid Trwar Beina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Af Trw þad kom, ad Abraham, Jsaach forna kunni, Siælfs Vilia Manns, er Saalar hanns, Son sa hun heitast unni, andlega i Trw, honum offra þu, Elsku sijn þier ei neina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Olli Trw good, Jsraels Þiood, yfirgieck Hafid Rauda, so komunst vier, Hættulaust hier, Heims yfir Siooinn Nauda, Rahab Frid fann, frelsast so Mann, fyrir Trwna alleina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Hrein Trw þad er, þa Hiartad hier, HErrann medtekid gietur, med Arnan hañs, og er til Sañs, i honum Traustid setur, fullvijs uñ þad, hun finni Naad, fyrir Græðarann Meina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Uppreñur sw, hin oflga Trw, af andlegu Guds Ords Sædi, eins er og Twn, Andiñ og hun, eitt eru þessi bædi, Ord Guds er Far, sem Andañ ferjar, inn i Hiartad Leid beina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

Opt nefnd Trw hier, andlegt Lioos er, upplioo-

mandi Manns Hiarta, Geysla þa ber, sem giesa af sier, Goodverka Skynid biarta, hvar þad fataast, hana þar brast, henti þad Berusku Meina, Lof sie Gud þier, þu lientir mier Lijfid og Trwna hreina.

O! Minn JEsu, mier uñgief þu, andlegt Lioos Trwarinnar: Lysi þad mier, so læri eg gior, Leid Sæluhiælpar minnar, so eilijft Lijf, eptir Heims Kijf, eg mætti faa ad reyna, Lof sie Gud þier, þu lientir mier, Lijfid og Trwna hreina.

13. Psalmur.

Uiñ Andlegañ Hiwskap Christi og Sælarinnar.

Ton, Eins og sitt Barn.

Hw þig Sael mijn, bidlar til þijn, blessadur Gud aan Esa, eg vil þig mier, eg vil þig mier, JEsus so tier, jafnann og æ Trwlosa.

Gled þig nu þvi, Gudi þeimi, er giefur hier Brullaups Klædi, og gloandi Skart, gloandi Skart, girnilegt margt, Gull-Hring og allskins Giædi.

Flijttu þier þa, Fegurd hanns sia, fagnandi tak vid honum, Brwdgumi þiñ, Brwdgumi þiñ, med Bloomleik sinn, ber længt af Maña Sonum.

Hann skyn sem Sool, þa Heimsins Hiool, heitast upp liooma kunni, daufrijdur Sveinn, daufrijdur Sveinn, Dyrd krijndur einn, drijpur Naud af hanns Munni.

At-

Athuga þu, þinn Aumleik nu, og hañs Hæstignar Prijdi, so veitstu gior, so veitstu gior, hvor Sæmd þad er, sier took hann þig fyrir Brwdi.

Þu varst nakinn, þvi var ei Kyn, þyrdir ei inn ad koma, i Kongsins Sal, i Kongsins Sal, nie koma a Tal, vid Christum þinn Brwdguma.

Synda Lorfum, sijdur þorfum, sialfur hann þig wr færdi, Silki-Fat nijtt, Silki-Fat nijtt, med Sooma prydt, sijdann til Eignar tærdi.

Gyllini Armbond, gaf þier a Hond, Gud-Vef og Brwdkaups Klædi, og Eyrna Skart, og Eyrna Skart, enn allt Oparft, af þvodi sijnu Bloodi.

Allt hvad hanns er, Otijginn þier, aum Brwdur giefur hañ þetta, Hunæng Vidsmior, Hunæng Vidsmior, þa Hvngur skier, Holld sitt og Blood til Rietta.

Ecki neitt slijkt, eda þvilijkt, orkar þu honum ad veita, hellst mæa þo dæst, hellst mæa þo dæst, ad Hiartans Ast, sem hefur hann til þijn heita.

O! Hvad Sæl su, sijdar og nu, sæl og blessud mæa heita, soddann Teingd nær, soddonn Teingd nær, ad Son Guds kiær, sier vill til Egta jaata.

Trwinn a hann, traustast hun kann, Teingdir slijkar ad festa, allt hanns Gotz er, allt hanns Gotz er, eiginnlegt þier, Æra og Tigninn mesta.

O! Þu Sæl mijn, Unnusta þijn, æstudlega tak mooti, halltu vel Trw, halltu vel Trw, hooraft ei þu, hanns Vingan so ei priooti.

Þier JEsu kiær, þad þockum vær, þu i Teingd

oss ert kominn, leid þu oss inn, leid þu oss inn, Lifs-Liafari minn i Lambsins Brwdkaup, Amen.

14. Psalmur.

Um Christi Dœsamlega Mañdooms Tekning.

Lon, Ofan af Himnum hier kom eg.

LAtum oss nu mijn liwsust Born, litla Stund hepta Huga vorn, þessu Stundlegu Starfi frœa, stunda og þenkia Andlegt œa.

Hiartans Augun þa hefium fyrst, hiedann og upp a JEsum Christ, athugandi hvor Ast hanns var, og Leyndardoom hanns Fædingar.

Hann stie nidur i Holldid vort, hann so oss feingi Guds Born giort, heilsg Fæding og Holldgan hanns, hreinsar og bætir Saurgun Manns.

I Tijd Fridsama Augusti, oss villdi JEsus fœdast þvi, so ad hañ feingi sett til Sanns, Sœtt og Frid milli Guds og Manns.

Hann fœddist þvi af hreinni Mey, hann syndi þad hann kynni ei, andlega ad fœdast utann þar, Osaurgad Mannsins Hiartad var.

Otignir fœa þann Fognud fyrst, Fæding Christi þeim bodadist, þvi honum best þeir þocknast hier, sem þykiast i Hiortum daulitler.

Englar boda fyrst Fognud þann, Fiarhyrdurum þvi sialfur hann, Sœlnanna Hyrdir santnur er, sem beinir Veg þeim villtur fer.

Re-

Med Fiærhyrdurum forum af Stad, fædd-
um JEsu nu leitum ad, i Bethlehem (pad Bra-
ud-Hws er) Barnid i Reifum finnum vier.

I Jotu liggur Sveinninn sæa, Sofnud Guds-
Barna þijda mar!, Heilog Ritning er riett til
Sanns, Reifarnir þessa Guds og Manns.

Mikil og stoor er Myskun sw, mier aumum
veittir JEsus þu, þa ecki komst eg upp til þijn,
ofann stiegst þu hijngad til mijn.

O! hvad furdannlegt er þad Ræd, sem uppaa
sann þijn Vijsdooms Ræd, ad Myskun er nu
ansatt vid, allra strængasta Riettlætid.

Hreinsi nu best mitt Hiartans Hws, Heilog
þijn Fæding, minn JEsus, gack sidann inn til
Gistingar, Gud, velkomtinn ad hvijlast þar.

Allir samsyngi Engla Hyrd, i Upphædum sie
Gudi Dijrd, aa Jordu Fridur einnig sie, og
Monnunum goodur Vilie.

15. Psalmur.

Umm Avoxt Christi Mannooms.

Ton, Til þijn Heilagi Herra Gud.

EG boda ydur, Engill tier, ærinn Fegnud til
Handa, Saal mijn, þu hefur Huggun hier,
Hræddslu læt þier ei granda, fagnandi tak vid Fæd-
ing hanns, sem forbetrad hefur Raadid Manns,
lijfgad og leyst wr Vanda.

Oss er skrifad ad Oliu Kvist, i Orkina Dwf-

enn bæri, audsynandi so Foolki fyrst, Floodid nu burda færi, eins hefur JEsus fært oss Frid, af Fodursins Hendi Sætt og Grid, enn Reidi hañs runninn væri.

Oss hefur JEsus elskad heitt, ad eilifu samteingiandi, Guddooms og Manndooms Art i eitt, Oslijtanlegu Bandi, hvorniñ mun þvi hañs Myskun þa, Manninn geta sier slitid fræa, Holld sitt og Blood hatandi?

Þann Leyndardoom uñ Holldgan hanns, hver mun wtskijra kunna, Losleg Hætign vid Læging Manns, liet sig samteingiast nunna, hvad er Dijrdlegra helldur enn hann, hvad er slæmra enn tijndur Mann? Þo vill Gud þessum unna.

Ogrijpannlegur Gud var það, giordi Mann-Skepnann reita, þo bar hun sig i eingu ad, eptir Sættum ad leita, þa klæddist hennar Holldi hañ, Heiminn sætti vid sig siælfann, Frid og Vægd fwo ad veita.

O! hvad fw Skulld var ofurstoor, attum vier Gudi ad greida? JEsus blessadur Broodir vor, i Borgun liet sig deyda, fyrir oss greiddi fulla Boot, fegins Hendi took hinn aa moot, greidur til Lijfs ad leida.

Herrann skoop Mannsins Holld og Bein, helld eg það Dæsemd sanna, þo gnæfir þessi Giædskann ein, hann gaf sig til Lausnar Manna, i Adam er Meinleysid mist, meira gefst nu fyrir Jesum Christ, Riettlæti og Holl Himnanna.

Sa

Saal mijn af Alud þacka þu, þijnum Drottni Skapara, Lausnara vorum lijka nu, til Lijfsins vik hann þig spara, Gudi sie Lof i allri Att, einum og þrennum swngid hætt, Amen þar eg til svara.

16. Psalmur.

Uñ Andlega Endurnæring Gudhræddra.

Ton, Giædskurijkasti Græsari minn.

GJtt Gestabod misg mikid þo, milldur og rijkur Gud tilbioo, Hwngrader hellst þess neyta, Syndanna Angur sem Mann sker, Saalar Hwngur þad Andlegt er, Sadning mæ hrein Trw heita, Manna, Þiood þa, Engla Braud, þad eyddi Naud, æ Eydifiollum, sætara bijdst nu svaungum ollum.

Kræsileg Mæltijd kallast mæ, kriddud Fæda er Bordi æ, Hwngrud Born heyrid þetta, Ylmandi Rietti etid nu, Aflausn Synda og Naad Guds trw, svaunga mæ soddann metta, JEsus, Fridfwss, Bootinn Kijfs, er Braudid Lijfsins, betst ad neyta, af Drasi fullir ei uñ þad skeyta.

Þeir Menn sem hefdu fest sier Fliood, forsmaadu þetta Gestabod, og villdu ecki koma, skijrlijfar Meyar þardu þad, þvi sig hefdu ei samlagad, Satans illum Osooma, siæ þu, Sæl nu, Herra þijnum Hlijdni vijn, enn hoorast eigi, svo innleidi hann þig og ekta megi.

JEsus

JEsus Christus Andlegur er, Eliseus sem vitnum vier, alhægt sie allt ad vinna, Sætleikans Vidsmior Himneskt hann, hella i toomu Kierinn kann, hvar þau mœa fœa og finna, eins sker, oss hier, Astœa Christ, þar innhellist, i allra Sinni, sem Elskann til Heimsins bijr einginn inni.

Syndugir Menn i Sodooma, sagda Mœltijd ei gyrntust œa, eñ þo Loth opt þeim bydi, Himneskur Elldur eptir þad, uppbrendi Foolk og dreckti Stad, einginn Von var œa Fridi, eins mœ, enn siœa, Drottinns Reidi, eilijf eydir allra Geingi, sem Brwdkaup hanns forsmœa, enn bodnir leingi.

Ogagn stoormikid er þad Pjood, ef forsmœa þetta Gestabod, vijst er sœa vesœll Lijdur, eilijst Hwngur og Ovilld strijd, yfir þau kemur fyrr og sijd, alldrei þeim oftar bijdur, miog blind, Mannkynd, sw mœa heita, sem vill neita, soddann Vistum, og hyrdir ei þyggia Herrann Christum.

Gud hefur Mœta annann enn, i sitt Heimbod ad kalla Menn, innra þad oss vidvijkur, Hugskots Dyrnar þa hann œknijr, Heilsogum Pœnka til vor snijr, sœll er þa sa upplijkur, hier mœa, hver siœa, ef Huxun good, i Hyggiu stood, med helga Parta, Drottinn þa klappar œa Dyr þess Hiarta.

Athuga soddann aumur Mann, upplauttu strax þa kallar hann, œdur enn œa burt vijkur, annars situr hann einnig kyr, er þu klappar œa Nœdar-Dyr, og þeim ecki upplijkur, ef þier, ad ber, goodann Vilia, Guds ad skilier, Giœdsku Mildi, og

Neysta

Neysta hanns Astar sem næraſt skylldi.

Astar Neistinn er Andinn hanns, er alaſt skal so i Brioosti Manns, ad brennandi Blossi verdi, Utslocktu Madur alldrei hann, ecki briost helldur Guds þijns Rann, so rycki ei Reidi Sverdi, Hiartad, er þitt þad, hañs Musteri, hvort oss bæri, hreint ad vanda, og Herbergia sijdañ þañ helga Anda.

Siæa þu til med mier sanni Gud, so eg kunni þitt Gestabod, giarnann med Þockum þyggia, Hiartamitt er nu opid þier, ætijd velkominn siertu mier, ei vil þig æa burt styggia, Sæal mijn, sie þijn, Brwdur trw, sem bwinn ert þu, til Brwdkaups kalla, laat hana siæa þig uñ Eilijfd alla.

17. Psalmur.

Uñ Avoxt Skijrnariñar.

Lon, JEsus Christur æa Krossi var.

Sygg þu ad, Sæal mijn, hvad þad er, i heilagri Skijrn Gud veitir þier, eru þad Andleg Giædi; Saurgun sem fyrir Fæding ber, faugar og helgar bædi.

Skijrninn þvi sllu orka kann, aptur ad niju fædist Mann, vijst fyrir Vatn og Anda, Oska-Barn Drottinns er þæa hann, Arfi til Goodz og Landa.

Andi Guds fordum olli þvi, ad Lijfs Hræring kom Vetninn i, so skedur i Skijrninni, hann giorir hun sie hrein og nij, helgud af Nævist sinni.

Allir þeir Christo iklædast, i Skijrnini sem Tru

ei brast, þvegner i þessu Floodi, hverra Skrwdi so hvijtfaagast, i helgu Lambsins Bloodi.

A Jerusalems Vollum var, Vatns-Dijki allskyns Lækningar, þa Engill Guds þad hrærdi, þessa Skijrn vora þad tæknar, þvi oss Synda Boot færdi.

Foornanna Blood var þveigid þa, i þessu Dijki Bethesda, so þvæst Christi Bloods Kraptur, einnig ofann i vorn Vatns-Sæa, vel hreinir fæðunst aptur.

Heilagur Andi ofann fer, i Vatns-Sæinn þa skijrunst vier, sialfur þar samañ hrærir, Bloodid Christi vid Vatnid hier, vorri Seurgun fortærir.

Pharao med sinn hrausta Her, i Hafinu rauda dreckti sier, i vorri Skijrn so skedur, Adam gamli deyr einnig hier, ollum Synda Hoop medur.

Sw Laug er Gler-Sioor þessi þa, þann Johannes i Anda sæa, gegnum Skijrn skijna kunna, Riettlætis Geyslar HErranns hæa, i Hiortunn og Sælir Manna.

Ezechiels þad Vitrun var, Vatn af Musteri framflaut þar, gaf Lijf og Græding sanna, kann so Skijrnar Flood Christninnar, Kæmid hreinsa Syndanna.

I Skijrninni eru allir Menn, af Andlegu Meinl græddir senn, er þvi vel adgiætandi, ad vær ei Syndgum aptur enn, so annad verra hendi.

Christi Riettlæti klædunst vier, sem kostulegasti Skrwdinn er, þvi ber oss vel ad vanda, ad vær hañ

kvoluñ

kvolum ecki hier, med Oklarendum Synda.

Endurfæding vor orka kann, ad Krossfestist sa gamli Mann, enn nijr upp aptur standi, i Meinleysi uppalist hann, Æfinnlega blijfandi.

Sierhver Madur, sem mællt er hier, Musteri Heilags Anda er, þvi skyldi hann vel vanda, Veglegann Sess i sialfum sier, soddañ Gesti til Handa.

Vier hofum vijst i Vatnsins Sæ, vorum Gudi Trwlofast þa, og svarist allar Stundir, lætum oss ecki sijdann siæa, Satans Merkiunum undir.

Send þu oss Drottinn sanna Dæd, so vier beholdum Skijrnar Næd, enn alldrei af oss brjootum, hier med prijsum þitt Hialpar-Ræd, hvors Æfinnlega niootum.

18. Psalmur.

Uñ Bergíng Christi Lijkama og Bloods.

Ton, Giædsku Guds vier prijsum.

HVer sem ad Holld mitt etur, hvor sem dreckur mutt Blood, JEsus soddann framsetur, sv lifir ætijd Pjood, O hvad gott Gestabod! O hvad hollt Andar Fædi! O hvad Lijfkroptug Giædi! O hvad sætt Engla Braud!

Nu mæa neyta og drecka, Nadar Braud gefst oss hier, so meigum siæa og smacka, hvad sætur Drottinn er, O hvad hollt Himna Braud! eilijft Lijf i sier hefur, eilijft Lijf Pjoodum gefur, eilijft Lijf ollum baud.i

Lifan

Lifanda Lijfs af Brunni, lætum oss drecka senn, Guds Hwss Gnægd hun kunni, giora vel druckna Menn, komi þvi þyrstir hier, kaupid fyrir alls ecki, eti sværngir og drecki, biodast nu bestu Kior.

So ert þu Saul mijn lijka, sannlega bodinn nu, fyrir Sadning so rijka, svaung og þurftug ert þu, fagnandi fliittu hier, fyrst þinnar Forbenustu, Fie og Gull eckert veitstu, gefins þa þiag þu hier.

Vor er ad vijsu eigi, Verdskulldan nockru nijt, Spæmadur þvi so segir: Silfur þeir vega wt, fæst þo ei fyrir þad Braud, Erfidi opt sem reyna, ei fiamur Sadning neina, samt er þo Sælin snaud.

Alldrei Samvitsku sedur, siælfs Forþienan hier, Goodverkum mæa ei medur, Myskum Guds kaupa sier, siæ þu þa Sæla mijn, þeirrar Fædu þu neytir, hier sem JEsus nu veitir, gefins fyrir Giædsku sijn.

O þa Dædsemd dijrmæta, ODottinn Gud verkar hier, hans fæum Hold ad eta, hans Blood nu dreckum vier, hann einn allt orkad fær, hanns Dijrd um Heiminn greidist, hanns Lof so vijdt wt breidist, eins og Eilijfdinn nær.

19. Psalmur.

Um Dagsamlega Skickan Drottins legrar Kvolldmæltijdar.

Lon, O JEsu Elsku hreín!

Christi Kvolldmæltijd, Kræsing veitist oss blijd, Nadar Fiehyrdslann frijd, fæturkum

opnast

opnast Lijd.

Himna Braud ei þad er, ad nu medtokum vier, helldur med sialfum sier, sedur oss Drottinn hier.

Gud hafdi ei ædra neitt, oss so þad feingi veitt, helldur enn sitt Holldid eitt, hvors vier nu fæum neytt.

Oss Mölldar Madka hann, med þessu nærandi vañ, hverniñ þa hata kañ, Hold sitt þad med oss fañ?

Utdrijfur andlig Mein, oll þesse Fædañ hrein, Lijfkrapptug Lækning ein, linandi Daudans Grein.

Þad Braud er best til sanns, Balsam Odaudleikanns, grædt fær og Holldid hanns, hverskyns Stoor-Glæpi Manns.

Hvar veit nu nockur Mann, neiñ Hlut so Banvænann, ad gieti ei græddann þann, Guds Daudi sem allt vann.

Hvar kanntu Saul mijn sien, Satans Skeyti so hnen, ad Naadar Skiold orki ea, oss sem JEsus nam fae?

Hvar hellst á Heimsins Piood, Hætttulegt Mein so stood, ad JESU blessad Blood, Boot sie ei harla good?

Heilagast Hold Þad er, hvort nu medtokum vier, lijtur þvi Himna Her, og Hautigna Englarner.

Liomar nu Lijfs-Trie mætt, Lauf-Blod þess fae allt grædt, og aflegad endurbætt, allt rammt gioranndi sætt.

Fagni nu allt hvad er, er skyldt Gud lofum vier,

vier giorum Packir þier, þier sem oss Myskun tier.

20. Psalmur.

Um Manns riettilegan Undirbuning, adur hann gengur til Alltaris Sacramentis.

Ton, JEsus Christur ad Jordan kom.

1. VEr sem ad Herranns Holld og Blood, hyggur sier ad medtaka, Leyndardoom Guds þad þecki Þiood, þvi skal sig best ransaka, so sem Postulinn Paulus tier, um Proofan Christi Sauda, Afellu so ei eti sier, edur i Lijfs Stad Dauda, sem aflar Sælu Nauda.

2. Þessi Proofun hun Andleg er, um hana fellur Ræda, Mold og Aska er Madur hver, Madka og Orma Fæda, af Jorduni uppreinur Mann, af Jordunni hier nærist, ad Jordu verdur aptur hann, i Jordunni fortærist, vr Jordu aptur færist

3. Hvad er Mannskepnann annad en, Andstyggilegt Blood-Sædi? Til Omaks fædast allir Men, Odum falla Lijfs Giædi, Hiervistar Stundir hefur fær, Hiervistar Raunir margar, Hiervistinn þegar hentast stær, Hiervistum Daudinn fargar, Hiervistar Bloom ei biargar.

4. I Fædingu veit einginn hvad, um hanns Hagi þa skedur, a Dauda Stundu eins er þad, Vr finn dregst Sorgum medur, oll skopud Skepnann eckert er, er þo Madurinn minna, i Augliti sijns Herra hier, hier vegna Synda sinna, er þær þo

ecki

ecki vinna.

Kvolldmæltijd Guds nu siæum senn, sijna med Leyndardooma, Sacramentum pad, merki Menn, Meddeilsing Christs Lijkama, Lijfsins Uppsprettu Lind pad er, Lijf og Næd sem oss gefur, Lijfkroptug pessi Lækning hier, Lijfsins Grand allt afskefur, Lijf eilijst i sier hefur.

Petta vors Herra Holld og Blood, hvort oss til Naumar kiori, helgar og giorir Heimsins Piood, Heilags Anda Musteri, læknandi Andleg Leimstrar Sær, Læknandi Synd Banvæna, Lækning pessi og Lijfgum klær, lækner Guds Born alleina, riett-trwadir pad reyna.

Fagni nu Christi Brwdur blijd, Brwdgumans Roddu hlijdi, i Brwdkaup Lambsins bodinn frijd, Brwdkaups-Klædi sig skrijdi, Brwdkaups Klædid pad besta Hnoss, Brwdguimans er Riettlæti, Brwdkaups Skrwda peim bwpu oss, Brwdguminu JEsu sæti, og leid oss i Lijfsins Mæti.

21. Psalmur.

Um Christi Uppstigning.

Ton, Oll Christnin ges ad Gamm.

Gjæ þig mijn Sæl um krijng, siæ nu Christs Uppstigning, siæ nu hvert Gagn hun gefur, Guds Rijki opnad hefur, Drottins Lof Lijdur magni, Lijfsins Innaaungu fagni.

Lijfs voru luktar Dyr, likt var Paradijs fyr,

enn Christi Uppfor kunni, opna þann Veg Saalunni, Drottinns Lof Lijdur magni, Lijfsins Inngaungu fagni.

Ofannstie hijngad hann, hier so Riettlætti Mañ, eins lijka upp nam stijga, oss ad gisrá Dijrdlega, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Sem Brwdur blijd i Lund, Brwdgumans gyrnist Fynd, Saal mijn læt þig so længa, i Lambsins Brwdkaup inngaanga, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Af Fialli Oliveti, uppstie vor DRottinn þvi, Frid og Sætt framberandi, Fognud Samvitskum sendi, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Med honum mættu þa, mijn Saal, at Fiallid gæa, goodum med Gyrndar Hootum, gisr þad, enn ecki Footum, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Fiall merkir Himininn hæa, hann skallt þu gyrnast æa, Sliettlendid Heimsins Hrecki, hverium þu fylgir ecki, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Bethania eitt er, Angistar Hwsid hier, giegnum þad Leid þijn liggur, ef Lijfsins til ferdast hyggur, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Hver Saal sem hyggst ad fæa, til Himins med Christo næa, Goodverkum giarnann safni, Gudhrædd, enn Vondu hafni, DRottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Guds Barna Himnesk Holl, Heilog og Blessud oll, saurugt kann sijst ad lijda, Synd mæa þar wti bijda, Drottinns Lof Lijdur magni, L. J. f.

Hañ

Hann sem gott hyggst ad fæa, hann sem Gud gyrnest siæa, hann skal sier hier fyrst haga, hanns i Augsyn Gudlega, Drottins Lof Lijdur m. L. J. f.

DROTTJnn gef Dugnad þu, DROTTinns Bod rækium nu, DROTTinns i Dijrdar-Prijdi, DROTTitin ofs alla leidi, DRottinns Lof Ljdur magni, Lof DRottinns alldrei þagni.

22. Psalmur.

Um þann Heilaga Anda.

Ton, Nu hefst Noottin og hylur Dag.

PAl vor HErra til Himna stie, Heilagann Anda ofannsende, yfir Postula allra fyrst, ad Hvijta-sunnu i hægum Gust.

Bæn og Eindrægni blifu i, Bænar Andin kom yfir þa þvi, Samband Elskunnar sialfur hann, samannbatt Trwnni Gud og Mann

JReidi Eldi ofann foor, æadur fordum Gud Skapari vor, i Astar-Loga Andi hanns, ofannstie nu til Syndugs Manns.

So sem ad JEsus Son Guds var, sendur Heimi til Frelsunar, eins kom Heilagur Andi nu, ofs ad helga i rietttre Trw.

Saal verkar Lijfid Lijkamans, Limanna Afl og Hræring hanns, allt eins Heilagur Andi kann, Andlega ad hræra og liifga Mann.

Salomons Hws vid fyrstu Foorn, fyllti Guds Dijrd i ytstu Horn, vid Bænoffur Hws Hiarta

þijns, Heilags Anda Dijrd fyllir eins.

Sæa Helgum Anda yfir bijr, Athofn sinni til besta snijr, ollum vill giarnann gagnast hañ, Guds vors i þvi Sporgaungu Mann.

Helgum Anda sie hætt Lof tied, hærstum Fodur og Syni med, fyrir Astgiafir allar senn, Amen af Hiarta sijngi Menn.

23. Psalmur.

Uñ Vegsemd Heilagrar Christni.

Ton, A eiñ Gud vil eg trwa.

GEym ad, i tæku Toomi, trwud Sæla med Packargiord, ad Gud þinn Fader froomi, fieck þier Hæle, hia siñe Hiord, þad er hanns Christninn klæra, Christi Unnustann trw, einginn Afellis Bæra, orkar þier dreckia nu, i Ork Guds Barna ertu, innleidd og geymd i Hlie, unn henni og allt eins vertu, sem Andleg þijn Moodir sie.

Mæa hun þvi heita Moodir, Mey og trwlofud Brwdur ein, ad Andleg Born alltijd fædir, einum Gudi i Trygdum hrein, Hollds Villd og Heimsins Hrecki, og herfilegt (Satan) Grey, þessa vill þijdast ecki, þvi er hun skijrlijf Mey, soddann Frw sier til Handa, Son Guds trwlofa vann, og henni sinn eiginn Anda, i Egta-Pant skeinkti hann.

Pad Skip mæa Christni kalla, sem Christur sialfur innannbords er, Trw er Stijrid, Stioorn alla, sterkur og vijs took Gud ad sier, Mastur i

Skip

Skipi midiu, merkir Christi Kross-Trie, Englar hafa þar Ydiu, Ohætt so Barnnum sie, Seglid er Ord hanns hreina, Andi Guds blæs i þad, Leid kañ so Lijduñi beina, i Lijfs Hofn og Sæla Stad.

Christninn er Vijn-Tried vœna, og Vijngardur sa sem Frioofgun vann, Blood JEsu giorir þann grœnann, Gud hefur sialfur plantad hann, umgyrdtur alla Vega, Englaña Verndar Mwr, hann groof þar vijst Vijnþrwgu, var þad hanns Pijna svr, Dijrdarleg Drottinns Lilia, daevœnt bijdur hun Gied, vondir Þyrnar þo vilia, vaxa heñi upp med.

Enn er Christninn sw Kvinna, klædd og umgyrdt var Soolunni, þad skal þa Þijding finna, þetta er Christi Niettlœti, Tunglid hun trad med Footum, tel eg þad Heimsins Þrœal, Satan med Svikum liootum, sijst vinnur henni Taal, koldock ytra Asyndum, iñra þo daufalleg, þunglega preyngist Stundum, þreytandi Krossins Veg.

Er hun vijst Andleg Moodir, undir Krossi þo stendur nu, berandi noogar Naudir, Nœtturu Þalmvids hefur sw, Vijntried þad vex þess betur, sem verdur þvi geingid nær, Christninn eins aukist getur, þa Anstreymis Þwngann fær, Guds Doottur Heimur hyggur, Hrak mest og Vanþock gaf, Tœra-Bikar þa þyggur, þegiandi dreckur af.

Soddann Tign Sœl mijn sœadu, sem Christninn hefur leynt og lioost, Heimsins Hiegooma smœadu, hallt þier vid hennar Moodur-Brioost, þuert

Innann Skips Borda, wtsteip ei sialfri þier, lenda þallt fyrst og skorda, Skeria Bodum þig ver, haga so. Hiervist þinni, ad Hreinsunar sie þier Stund, og Bloomlega Brwdi finni, Brwdgumminn hiji i Lund.

HErra þijns Hylli mv[illegible], hann er Vijntriedenn Kvisturinn þu, Groodursett i hanns Undu, Avoxt goodann þvi færdu mu, sæa oss i Samlag kiori, sinnar Christni nu hier, æa Hæd til Himna beri, sem hroosandi Sigri er, hiælpi oss Helgi Andi, Hofn og Lending ad næa, æa Lifandi Manna Landi, Liosma Guds Dijrdar siæa.

24. Psalmur.

Uñ þad, hvoruiñ Gud hefur fyriræatlad alla þa trwudu, til Eilijfrar Sælu.

Ton, Gud þañ Eingel sin Gabriel.

EF þu Saalmijn, Utvalning þijn, efar i Hiarta þijnu, horfdu þa fyrst, æa HErraun Christ, hanns Fæding Lijf og Pijnu, i honum þu, Utvaliñ nu, i honum trwud vertu, Oska Barn Guds þa ertu, fyrir utann hann, þarf eingiñ Mañ, Goodsvænta sier, Gud slijkum er, eins fortærandi Eldur, Utvalinn mæa, Sann kallast sæa, sier fast vid DRottinn helldur.

Þvi er þad þrennt, sem þier fær kieñt, þetta enn gior ad skilia, Guds Myskun su, þraatt þiggur þu, þier synir fyrst hanns Vilia, Forþienan Christs, er

er Vottur viss, vill Gud til Lijfs þig leida, liet hañ þvi Son sinn deyda, Andi hanns þa, er þridie sa, i Ordinu hann, upplijsir Mann, Astverk Drottins svo skilie, Gud soor þann Eyd, ad einskis Deyd, eda Fordæming vilie.

Sæl mijn þu sia, þria Stoolpa þa, þijn Utvalning a stendur, Gud þig tilbioo af eingvu þo, er hier hinn fyrsti kiendur, sijdann þa snaud, i Synd varst daud, Son hanns þig endurleysti, og fallna a Fætur reysti, þridia Stoolpann, þijna Skijrn fann, Guds Barn i Trw, giorir þig sw, gaumgiæf þu Myskun slijka, af þvi hun hier, so undann fer, eptirfylgir hun lijka.

Alldrei þu kannt, fullgrunda grant, Gud hvad þier velgiort hefur, hann lægdi sig, enn leysti þig, Lijf fyrir Hel þier giefur, hañ hiellt þier fast, so hætt ei dattst, hann þig villta vidrietti, i þvokvad Haglendi setti, hanns Hendum i, hvijlir þu frij, hañ Heill þijn er, hann gaf sig þier; honum mætt vijst behalda, hann þijn geyme, honum Lof sie, hier og uñ Alldir Allda.

25. Psalmur.

Uñ Nytsemi Bænariñar.

Tou, Sælir eru þeir allir nu.

O! Hvad Bæn Mannsins oflug er, sem wthellist a Jordu hier, i Hædum allt kañ verka, Himinsins Lykill heitir þvi, hun er vor Skiolldur Na-

unum i, sigrandi Satan sterka, einn Mwr-Veggur þvi orka mæa, ad Ovinir sijst i Hollu næa, eins heptir hun Guds Reidi, hun er vort Tilflugt Hormum wr, hun er vor Erindisreki trwr, hun kann til Himna leida.

Gyrnist þu Komu Græðarans, gudhrædda Bæn læt leita hañs, hun mun hañ fullskiott siña, gyrnest þu nu i Naudsyn hier, Nadar Dyr DRottins opnest þier, þad kañ hun vel ad vinna, ef þig þyrstir i eilijst Gotz, andleg Hella er JEsus oss, Bænar Vond hafdu i Hendi, slæa þu honum þa Hellu æa, HErrans Nadar Vatn giefst þier þa, allskonar Bol bætandi.

Ef þu villt Gudi offra hier, einu þvi honum þeckast er, trwud Bæn þijn er þetta, saa goodi Ilmur Sætleikans, sem hun færir i Augsyn hañs, stiller Guds Reidi rietta, ef med honum villt umgæangast, elskadu þa Bænrækni fast, ef þu villt eiñiñ smacka, hversu sætur ad Herrañ sie, i Hiartans Hws med Bæninne, hann skallt innleida og locka.

Bæninn skal vera skickud riett, skynsamlega fyrir Gud framsett, Trw good med Lijtilæti, audmiwk, forsiæl og alldiarfleg, Æru Guds stundi jafnann mtog, Næaungans Gagns og giæti, Bænar Hwsid sem Hiartad er, fyrir hverskyns Ovin læsa ber, enn opna einum Gudi. Saa Jesus sem oss bidia baud, bænheyri oss i allri Naud, og til Lijfsins innleidi.

26. Psalmur.

Uñ Verndan Hellagra Engla.

Ton, Giörvoll Christniñ skal gledias nu.

GJæa hier Guds Myskun, Sæla mijn, hañ setur þier Engla Skara, ad greida þinn Veg og gæta þijn, og grandvarlega bevara, ecki þurfum nu undrast vier, þo adrar Guds Skiepnur þieni oss hier, fyrst Englar ei þad spara.

JEsus vort Hofud andlegt er, Engla Vernd fieck hañ rijka, Limir hanns erum einniñ vier, oss geima þeir því lijka, æa Himnum eiga Andar þeir, uñgæangast med oss sijdar meir, því tiæa nu Pioonkan slijka.

Daniel leystu Lioonum fræa, Loth wr Sodoma Elldi, Englar vor þanniñ geima og gæa, vid griñu Satans Ofbelldi, Sælirnar flytia Sælu i, sem bæru Ondu Lazari, DRottiñs i Dijrdar Velldi.

Heilagir eru Englarner, eins skylldir Sæl mijn breita, i Augsyn þeirra þad eckert gior, Osæmilegt mæa heita, Hreinir þeir flya Synd ef siæa, so sem Biiflugur Reiknum fræa, og Dwfur Odaun hata.

Gledi-Vijn eru Englum hier, Ydrunar Tæriñ Maña, gledium þa því og giorum vier, greida Ydrun Syndaña, andlegir eru Andar þeir, andlegt ber oss því stunda meir, so fæum Fylgd Englaña.

O! Gud sem lætur Engla Her, oss nu æa Hendum bera, og læanga Reysu leida hier, Liffs uñ Eydi-

dimork þvera, læt þær somu þa Lijf vort dvijn, leida oss iñ i Dijrd til þijn, uñ oss þar æsamt vera.

27. Psalmur.

Uñ Slægd og Uñsæatur Diofulsins.

Tón; Fadir vor sem æ Himnum ert.

TAk þig i Vakt, þu veslug Sael, Veidarinn Satan bijr þier Tæl, uñsitiandi hvad orka kann, Otal Svikræde bruggar hann, fellir Mann fyrst i Syndir sæa, sijdann Roogber oss Gudi hiæa.

Syni Guds bioo hann Svika Mein, svijkia vilde hanns Læriseín, Adam felldum i Armood veik, i Christi Skoola Judam sveik, O! hvad hægra þeim Ovin er, oss ad Tæl-draga veika hier.

Alla Vegu hanns Uñsall rijs, Athofn hverri er Snarann vijs, Medlætis Lyst er Metnads krijng, Mootgængi fylgir Ovænting, vid Aura Safn fær Agyrnd fest, alla Gudrækni hindrar mest.

Metnad Ohoofi metiar, Embættid Snoru Letinnar, Yfirbodan fær Agyrnd skied, Uñvondun fylgir Reidi med, Uñgengni sparar Ofund sijst, Upphefdinni er Drambid vijst.

I Munninn leggur Lygi hann, liota Hugsun i Hiartans Rann, sierhvorn Lim Manns til Syndar droo, sauruga Drauma opt tilbioo, alla Stadi hañ Ottast þarf, Opreyttur fremur Svika Starf.

Af þvi trwud Sael ad þier gæ, andleg Hervopn þig tak uppæ, Sannleiks Lindann þier brwka ber,

Bryn-

Bryniu Rietilætis faadu þier, i JEsu Undir iñflif þu, wr þeim Biargskorum ver þig nu.

Trwar Skiolldinn þier tak i Hand, til ad wtslockva Satans Grand, hun fær wr Stad so Fisllinn fært, Freistni og Efa vel fortært, Hialpræðis set þier Hialm uppa, heilog Von mijkir allskyns Þrau.

Sverdid Andans sem Ord Guds er, Jñblæstri Diofuls mooti ber, ef þitt Saalar Skip Afoll fær, allskyns Freistinga Bylgiann slær, med hreinni Bæn vek HErra þiñ, hun deyfir Satans Skeytinn stinn.

Veitstu best DRottinn Vanmaatt Mañs, veitstu best Orku Freistarans, vorum Herskrwda vill hañ naa, vor Merkis-Madur siertu þa, i oss strijdandi ess vort Raad, i þier so saum Sigri naad.

28. Psalmur.

Nockrar Lijfs-Reglur Christins Mañs.

Ton Hvar mundi vera Hiartad mitt.

Lijfs Reglur hollar heyred enn, hugfestid Barninn smaa: Dauda, Eilijfd og Doominn senn, daglega þeynkid ar, nærsta mieg þetta naalgast Menn, naum er Lijfs Stund og far, lagt þvi hvor so Lifnad sinn, ad lendi hann Gudi hiaa.

Oviist er þad hvort ungur Mañ, Ellidogunum nær, Ydrum sendi þvi undañ hañ, aður eñ Daudinn slær; Margur, hastari Helstund fann, helldur eñ

enn meintum vær, nu i Dag Lijk sa kallast kann, Kongur lifdi i Giær.

Vogadu ei fyrir Vinskap Mañs, ad viña hvad Oriett er, þvi Guds er eins, enn ecki hañs, yfir ad dæma þier, þeim Hylli DRottiñs Doomarans, daglega afla sier, þa Reikning heimtir Lyds og Lands, Linkind i Maalum tier.

Ottastu Gud og unn sem ber, annast Naaunga þinn, Ovin þolugur Illt ei gior, ollum vert godvikiñ, laat alltiid nockud aageingt þier, ad gaa Dygda Veginn, DRottni lifir, þa deya fer, saa deydir Vilia sinn.

Uñgengni þijna og Athofn best, allskonar Dygdum prijd, þolinnmoodur þa veitir vest, Vidmoots Hegdun sie blijd; allt þad hvorn Dag þier yfirsiest, umbæti Kvolld-Bæn frijd, enn þad þu margt gott Ogiort letst, ydri þig fyrr og sijd.

A Hædum uppi Hluti Priaa, hugleida skalltu mest: Auga Guds fyrst, sem allt kann siaa, og Eyra sem heyrir best, Samvitsku Book er Pridia þa, þar aa allt skrifad siest, þetta skylldi oss fæla fraa, ad fysast hvad giegnir vest.

Umlidnar Syndir aangri þig, ackta lijtt stundlegt Fe, eilijf Giædi sie gyrnilig, gief fraa þier Uggleyse, Vonum fyrr Daudiñ sijnir sig, syndga þier Obeckt sie, skil þig vid Heimsins Hreckia Stig, Hlijdni laat Gudi i Tie.

Hreinlijfi Mañs er hættast þa, Hollds Vellyst ing er mest, Lijtilæti þad looga maa, Luckann fær

aung-

aungvann Bresk, Riettsyni hellst kann hæpid staa, Hondlun stoora vid fest, gyrnst þu ei framar annad aa, enn þocknast Gudi best.

Stunda þu so ad vera vijst, sem villt ad halldinn siert, annars Heims fylgir oss þa sijst, utann hvad hofdum giort, i Herrans Augsyn hvern Dag fyrst, hier so vel snidinn vert, ad Ottist ei þo audnadist, eins dæmist, og þa ert.

Set þier Lifnadar Leidrietting, Lijfs medan audid er, sa Heims Foroktun hellst er krijng, Hylli Guds aflar sier, Packlætis er þad Aminning, ef þig Velgeingni skier, enn hitt Ydrunar Uppvakning, ef þu Mootlæti ber.

Þitt Lifsins Takmark lauttu þvi, Lausnarann Gud og Mann, stefndu aa hann, þvi Raad hanns nij, Nytsemd alla þier vann, Elskann þig hefie Hædir i, hallt þier so fast vid hann, hreint Lijtilæti Hofmoods frij, honum best þocknast kann.

O! DRottinn kiær, sem siaalfur sier, soddann vier gyrnust faa, vertu oss nær so viñum vier, Vilia þijns jafnann gaa, Lof þitt og Æru eflum hier, enn sijdar Himnum aa, siaum þig vær og syngium þier, Sanctus og Gloria.

29. Psalmur.

Um þad hverniñ vier skulum Uggaleysinu fraa oss hrinda.

Ton, Eiñ HErra eg best atti.

Hver

HVer uñ þad hugsa villdi, hvad tregt ad hiælp-
ast er, alldrei so Ugglaust skylldi, ana fram sem
nu skier, i alla Stadi ollum, alla Tijma er hætt,
Englar i Himna Hollum, hafa þvi lijka mætt.

Adam var Dhætt eigi, i sællri Paradijs, svo
fiell fraa Samleiks Vegi, Salomon harla vijs,
David saa mæti Madur, Mañslag og Hoordoom
vann, hvergi finnst hier saa Stadur, Hættulaus seg-
iast kann.

Yfir þier uppi grundir, einn Gud sem stygdir
nu, Hèlvijti heitt nidri undir, hvert vijst forþientir
þu, Bak til er Glæpa Geimur, giegnt Augum
Doomurinn, aa allar Hlidar Heimur, hier nu, El-
skugi þinn.

Hygdu ad hvadann siertu, hvar af þijn skañast
mætt, athuga eins hvar ertu, Andvarpa sijdann
þrætt, grunda hvert Leid þijn liggur, lisdu þvi Ugg-
laus sijst, Framsyn til Himins hyggur, Hlid miodtt
vandratad vijst.

Ef adþu allskyns Mæti, aa Himnum gyrnist
saa, i giegnum margt Moorlæti, mættu fyrst gaan-
ga þa, Koronu ef kijs ad hliota, kallmannlega þa
strijd, þeim er bein Leid til Boota, sem bugar ei
Mootgaangs Hrijd.

Æfi Mañs oll maa heita, Orusta Hættu mest,
þa oss synist vel veita, vor freistar Satan vest, so
snart sem sofna hyggium, Svikarinn vaka kann,
Vopniñ þa vær afleggium, vielfullur bryniast hañ.

Hver kann hier fastann finna, Fognud Jardrij-

ki ca? Allt þad vill Odum linna, oss sem nu gledia mœa, enn hvad oss œangra kuni, alldrei til Þurfœ fer, Uggleysi einginn uni, audur Strijds Lokin sier.

Doomarinn Christur kiœri, kiemur þa vonum ei, vel þier hvi vaka bœri, vertu sem forsiœal Meylaat þig ei Verolld villa, varfœrlega framgœa, Geetura alls hins Illa, Agyrndinn heita mœa,

O! Gud sem gafst oss Anda, Gott ad uppbyria nu, laat oss stoduga standa, ad stunda hvad gyrnist þu, fraa Illu oss bevara, enn þa Hiervistinn dvijn, un oss med Fridi fara, i Fodurland heim til þijn.

30. Psalmur.

Uni þad, hvernig Madur skal bera sig ad breyta eptir Hegdan Christi.

Med same Lag.

TRelsarans er Framferdi, fegursti Spegill vor, Uppfræding oss þad giorde, orkum hans Dygda Spor, oll vor Heill er Christs Pijna, en hanns Lifern hier, heilaga Hegdun sijna, hverskyns kenandi er.

Sa sem vill sijdar rijkia i Sælu Drottni med, hann skal fraa Vondu vijkia, Vilid hanns stunda og Gied, Lifs-Reglum sem oss setti, sin med Hegdan hier, allir sig eptir rietti, elski han hreint sem ber.

Hvor sem vill (vor Gud sagdi), vel eptirfylgia mier, sinn Kross skal sa ad Bragdi, sialfur fyrst

bera hier, sa sem kañ sier afneyta, sijna um̃ Lijfsins Tijd, Ast Guds og Elsku heita, aviñur fyrr og sijd.

Gior þu oss, þijdi HErra, þijna Sporgaungu Menn, fyrirgief vort hid verra, vegleguſt Eining þrenn, veit þu ad vort Framűferdi, venieſt lijkt þijnu hier, so ad oss eilijf verdi, Ununar Viſt hiaa þier.

31. Psalmur.

Um̃ Afneitan siaalfs sijns.

Ton, Allt mitt Raad til Guds eg set.

HEyr mijn Saal hvad þinn HErra tier, hver sem vill eptirfylgia mier, sier skal siaalfum afneita, elski nockur sig siaalfañ meſt, sonn Ast til Guds þar wtriimeſt, so maatt ei Saal mijn breyta.

Sa eiginn Vilia mælir moot, med þvi deydir siaalfs Elsku Root, Christs Lærisveinn kann heita, Ast til Guds er ei alvarlig, utann Mann hati siaalfann sig, so skalltu Saal mijn breyta.

Hvad sem einn elskar um̃fram̃ allt, er þad haũs Gud, sem meina skallt, hellst muni Vegsemd veita, hver sem meſt elskar sig siaalfann, sig giorir vijst ad Gudi hann, so maattu ei Saal mijn breyta.

Abraham stoorar Frægder fieck, Fodur-Landi þa wt af gieck, fws til framandi Sveita; andlegur Guds Mann ertu þa, Elsku siaalfs þijns ef geingur fraa, so skalltu Saal mijn breyta.

Med sama Auga einginn kann, upp og nidur ad lijta senn, eins vill þad erfidt veita, ad unna sier af

Alwd

Alwod skaast, og elska Gud med somu Ast, so mætt ei Sæl mijn breyta.

Um Bloomstur nockur ordt pad er, eptir Soolu þau snwi sier, sem Soolfylgiendur heita, Afbragds Kostum og Heidri hier, hnijga so eins ad Gudi ber, so skalltu Sæl mijn breita.

Oll Verk sem koma af Ast og Trw, i Augsyn DRottins vel skarta nu, þo oss synist aum heita, enn af sialfs Elsku ef framgaa, ecki þocknast þau Gudi þa, so mættu ei Sæl mijn breyta.

Sa afneyta sier sialfum kann, sijna Vegsemd ei gyrnist hann, Guds Eru giarn ad leita, allt gott þyggium af Hendi hanns, honum skal gefast Dijrd til Sanns, so skalltu Sæl mijn breyta.

Hver eiginn Vilia a hlydest, Adams Dæmi sa skodi best, Guds Vilde ei giordi skeyta, Ast hans og Farsælld af sier braut, olli Tspun og Mannsins Praut, so mættu ei Sæl mijn breyta.

O! Madur Gudi offra þu, eigin Vilia, so kanntu nu, sialfum þier senn afneita, DRottins Vilde skalltu meta mest, mundu hanns Era eflist best, so skalltu Sæl mijn breyta.

32. Psalmur.

Um Hvijld og Roosemd Sælarinnar.

Ton, Maa eg Olucku ei mooti staa.

HVar villtu Sæl mijn Hugaun faa? Hvert Skepnum hiaa, hyggur þier Hælis leita? Oh

Nei! þeim ollum ædri ert, ei fær þier giort, rietta Hagd Rodlegheita, JEsus einn er, allt þarflegt þier, hanns Undum í, unir þu frij, Gyrnd þijna vill hann veita.

Brwdur hanns ert, þvi attu fast, hann adhyllast, og una allra fyrstum, halltu þig lijka hans Bwstad, hættu ei þad, adra annast ad Vistum, i Aura Nægd, er ei Hughægd, hvergi hier mær, Hvijld nie Roo fær, fyrir utann Konginn Christum.

Metord og Vallyst margur Mañ, meina Hvijld kann, og Hugbodt Sælu sinni, Ogunst Manna ef ad gustar, eins stodug var, sem Strær Storm standast kynni, Manna Lofstyr, misg er oss rijr, Utvalldra Prijs, annars Heims vijs, hanns trwi eg Lof ei lmni.

Ond vor er Lijfid Lijkamans, Lijf Sælar Mañs, er DRottinn enninn lijka, riettu Lijfi hun lifir þa, laus Slisum fræ, Jbwd hanns hefur rijka, annars er daud, Jlls rijk, Goods snaud, Hvijld hvergi fañ, hittir þvi Bañ, lætur sier Fiandmeñ flijka.

Hver sem vid Gud sier hallda kañ, Hvijld Sælar fann, sruggur Heims uñ Haudur, gladur er vijst i Sorgum sær, sigrandi Præ, lifir þo lijtist daudur, Astgiof Andañs, er Unun hanns, hatandi Heim, sinnir lijtt Seim, DRottins Nad er hanns Audur.

Hreinsa nu HErra Hiartad mitt, Herbergid þitt, Unmustinn Andar munar; Gud velkominn til Gistingar, gack þu inn þar, unn mier Jbwdar þiñ-

ar,

ar, og þa Hug-Hægd, Hvijld Nædd og Frægd, lofa þunner, ad packa þier, uñ Ar Eilijfdarinnar.

33. Psalmur.

Uñ gooda og hreina Samvitſku.

Med ſama Lag.

HVad ſem þu Mañ vilt hafaſt ad, hugſadu uñ þad, Samvitſkañ ſaurgiſt eigi, i Nædviſt heñar varna vid Syndanna Sid, ſanndæm er þo hun þeygi, hun er ſw Book, til Minnis took, allt þad þu hier, Oriett gierer, og lijſir þvi aa Dooms Degi.

Med Saunleiks Stijl ſw ſkrifud Skraa, ſkijrir graũt fraa, allskyns illu Athæfi, þvi kanntu Madur ſynia ſijſt, Samvitſkann nijſt, vaknar vijſt vært þo ſvæfi, fwl, fwinn er, færir þvi þier, ill Orma þa, ei deya faa, nagandi alla Æfi.

Legg þu þvi alla Alvod aa, ad deyda þa, fyrir Jdrun Hughreina, aa Uggleyſi nu ecki maatt, ala þa dautt, uñ alla Æfi þijna, Lijfs Book pæg þier, þinn JEſus er, Lijf, Lærdoom, Trw, laga ſkallt þu, eptir honum alleina.

Hvar ſem þu ert og hvert þu fer, hvern Tijd er þier, Samvitſkann faſt fylgiandi, allt hvad i hana innlagder, eptir þier ber, Jllt og Gott uppreiknandi, Geymſlu Fed Frw, forvarar nu, ſkilar þvi þa, þig dæma aa, vill þier ſo verda ad Grandi.

Samvitſku Doomi frekt forda þier, fyrſt ſami er, Sekur, Sakaraberi, Vottur, Dyblijſſa, Doo-

marinn, Hrijs, Hegning stinn, sierhvor þvi var-fær veri, þa siælf fwss sæa, Mæl dæma mæa, sem Vitnid var, Viti Sakar, hvar er þa Undañfæri?

So sem þu leggur allt Kapp æa, eilijst Lijf fæa, Samvitsku haf so hreina, so snart sem Mañi miss-ist su, misseſt þeim Trw, misseſt og Guds Nad ei-na, Syndanna Sid, varna þvi vid, Samvitsku Kvol, Kvelling og Bol, þarftu sijst þa ad reyna.

Ur Book Samvitsku Illgiord so, med Ydrun þvo, ad lesist ei æa Dooms Degi, sannrar Gud-ræckni set þier Form, Samvitsku Orm, sigrandi so hann deyi, Innvortis Eld, Augna Tær feld, slockur hratt hier, Huggun so þier, annars Heims endast meigi.

Gef þu oss HErra Heims um̃ Hrijd, heya gott Strijd, og Trw heilagri hallda, Samvitskañ hre-in þar sie vid fest, sem kunni best, Sigursæld vörri vallda, so Born þijn ein, hier Hiarta hrein, megi þig fæa, i Sælu siæa, og lofa um̃ Alldir Allda.

34. Psalmur.

Amiñing til sañarlegs Lijtilætis.

Ton, JEsu Christe þig kalla eg æa.

VErd þu fyrir þier Önd mijn aum, Eymdar Hag Mañskepnunnar, Lijtilætis so gef þu Ga-um, gior ei Synd Drambseminñar, Fæding, Hi-erviſt og Utfor er, allskonar Sorgum vafinn, og Kvelling kafinn, Um̃ferdar Neisu hefur hier, hæp-

ld

id þo Nætur tafinn.

Illa fer þier ad upphrokast, Aska og Molldar Preckur, Anstygdar Sædi ædur varst, enn nu Saurenda Seckur, Orma Fæda snart ordinn ert, eiginnlegt neitt ei hefur, þa Tijd hier tefur, utann hvad hafdir illa giort, er þier þo Hefnda krefur.

Liliu þa DRottinn segir sig, sem vex i Dalverpunum, eru þad Hiortun audmiwklig, Jbwdar Kyrkia honum, þad Bloom mæa sijdst æa Fiollum fæa, fyrrest HErrann dramblæta, sem stoorum stæta, hefur þeim nærsta Ogied æa, elskar best Lijtillæta.

So sem Vatnid ei vinna kann, Veg forbreckt ann upprenna, allt eins Guds Myskun ecki rañ, upp til drambsamra Manna, lijtilæt Sæl er Sessinn sæa, sier sann DRottinn hægastann, og Bwstad bestann, i Augsyn hanns sæa mikid mæa, Mispocka vann sier stærstann.

Lijt þu Sæl mijn þinn Lausnarann, liet hann sig stoorum pijna, med Lijtilæti liwfur vann, lækna Drambsemi þijna, um Veg Hoogværdar hefur hier, i Himna Sælu inngeingid, og Frid oss feingid, Hofmoods Gotu því hugsi sier, Himins tilkomast einginn.

Vegur Dramblætis Adam er, Uthijsing Paradysar, hverninn mæa hann því þangad þier, þu hofmoodugi, viisa? Athuga meir hvad Ogiort liersst, at því sem Skylldann krefur, enn hitt sem hefur, Mañkosta Þegn er ollum best, eiginn Hrosan hun

Kiefur.

Dygda Fesiood ei mættu Mann, med Hroosinn upinnbera, annars Diofull vid Drambid kann, Dyrgrip þeim rœntann giora, lœt þig ei Hofmood hefia hætt, hvadann i Afgrunn Lasta, þier kann ad kasta, Drambsemi ecki eiska ætt, þa Andskotans Sæng hægasta.

Allra Lasta er Sædi su, og soddañ Perri-Vindur, sem þurkar Brunn Guds Nadar nu, nœrandi Mannakyndur, variſt þvi hættañ Hroka Vind, hver sem vill Myskun hliota, og Nadar niota. Gud gieſi ollum soddann Synd, sannri med Audmykt hata.

Dramblætis Prota vondann vorn, virdſtu Jesus ad græda, Lijtilæti þijn bleſsud Born, bid eg þu villdir giæda, kienn oss ad feta Feril þiñ, Framferdi riett ad haga, og Lifnad laga, ſijdann leiddir til Lijfſins inn, lofa þig alla Daga.

35. Pſalmur.

Uiñ þad hvernin Madur ſkal fordaſt Agyrndina.

Ton, Nœtturañ oll og Edli Mañs.

Talu hiælp Manns sem auglioost er, Elſku mestrar wtkrefur, Agyrnd so hata ollum ber, argur er sa hana hefur, hann vantar mest, hvad hefur flest, hinu lijkt sem hann brestur, Dvœginn senn, vid lla Menn, enn sier þo stoalfum vestur.

Drott-

Drambseme alls ills er Upphaf, Agirnd so Roteñ Lasta, grundadu Mann hvert Gagn þad gaf, sem giorir hun epter brasta, opt ecke par, þier afrekar, eñ Stundum sallvollt Giæde, Vanblessan skier, illt Audsafn hier, Opocknun Drottenns bæde.

Auds med Onæde aflar Mañ, eñ sorvarar med Kvijda, sijdann missest med Sorgum hann, so vill Esen wtlijda, annad hvert oss, þad Aura Hnoss, yfergiefur til lijka, eda vær þad, i Annann Stad, imser þa Gotsi slijka.

Agyrndar Synd er orgust þvi, Afgudadijrkun vesta, ad Skepnu siaalfa setur i, Sæti Skaparans besta, Auds Þyrna þa, ei elska maa, ofmarga Sæl þeir meida, Ahyggiu med, sæmt særa Ged, suma i Glotun leida.

Auds Gnott nie Orbyrgd ecki kann, wtslockva Þorstann Aura, þess geysilegar Blossinn brann, sem borid var aa hann meira, traudt Takmark þvi, Auds Agyrnd i, af þier Skylldann wtkrefur, so ei kastist, i Afgrunn ytst, einginn Takmork sem hefur.

Saal mijn, ad slijku gef þu Gaum, gior Agyrnd fraa þier ræka, Fie ber þu annad ei fyrir Doom, enn hvad gladdir Fatæka, þeirra Hond þier, holl Hyrdsla er, Himnesk enn fallvollt eigi, i hana nu, hvad innlietst þu, er þier vijst aa Dooms Degi.

Hverium ei nægist Herrann Gud, hendir þann Agyrnd vesta, annastu Madur aumann Lyd, ecki mun þig þa bresta, O Christe kiær, Christne so hrær, Kiærleikans Verk sie framinn, Agyrnd vel

ver, veit oss hiaa þier, Vist og Gots eilijst, Amen.

36. Psalmur.

Uñ sañañ Kiærleika

Ton, Fadir vor sem aa Himnum ert.

HSaurgud Elska ecki maa, utann Guds Bornum finnast hiaa, Trwar Lioos kann ei kvikna þar, Kiærleiks Eldr sem einginñ var, Sool og Byrte skilst alldrei ad, Elska og Trwiun, sama er þad.

Daudur er sa ei anda kann, eins Trw ef brestur Kiærleikann, Avoxtur Andans Elskann er, Avoxtur Trienu Vitni ber, sannchristinn maa ei segiast sa, sem Kiærleikur finnst ecki hiaa.

Salomons Kyrkia Bloomann bar, besta Gulli oll forgyllt var, Andlegt Hws Drottinns er þar skylldt, af Kiærleika sie vel forgylt, og i Hiarta sie Elskann fyrst, ytri Verkum þad bevijsist.

Kiærleikur umber annars Brest, er hañ Mañkosta Sædid best, oll Verk þau vyrdast ill og lioot, ef ecki spretta af Kiærleiks Root, Christnena alltijd eflir sa, ædri enn Trwinn heita maa.

Ofundsiwkur hann ecki er, Illmannlega ei hagar sier, Godgiarn Hoogvær sier hrokar sijst, hijr i Vidmooti, Fridgiarn vijst, Raanglæti gledst hann alldrei af, eckert Rwm vondri Huxun gaf.

Ollu trwir og allt umber, ecki leitar þess hvad hañs er, þo Twngumaalum linni lioost, lijka Spaadoomum tæmist Brioost, Kiærleikur alldrei af-

maalst,

mæist, eyksthann þo meir i Himna Vist.

Kiærleiks Verk, Sæl mijn, keppst vid, Christnum hlijdir betst Samlyndid, sem sijdar eigum Børn Guds blijd, bwa samann uñ alla Tijd, einn Lijkami sem erum hier, ein Andleg Sæl oss stiornar ber.

Eins HErra Þiònar erum vær, Eindrægni stundum, Børn mijn kiær, Samhuga oll i Ast og Trw, sambyrdis skulum lifa nu, O Gud! tendra vorn Elsku Elld, i Anda Helgum fyrir Christi Skuld.

37. Psalmur.

Uñ Astundan Skijrlijfisins.

Ton, A eiñ Gud vil eg trwa.

SReinlijfi hann skal stunda, sem heita vill Christi Lærisveinn, Snoru Saurlijfis Syuda, Satan inetiar margann einn, vier hofum HErranns Bloodi, hreinsast i Skijrnar Sæ, Lostans Lifnadar Vodi, leyfist oss ecki þa, i Felum og Fiærvist Manna, Foolk drygir soddann Brest, Augsyn Guds og Englanna, ættum þo fordast mest.

Afvik þad einginn leika, Augum Guds fela Giørdir Manns, nie Englana wtiloka, eda og sialfs Samvitsku hañs, Verkanna Vitniñ þessi, Varfærni gledia ætt, Lostans ofbraudur Blossi, bæla ast i Himinin hætt, enn sæt Odaun, hann orkar, allt nær til Vijtis frekt, skæmvinn sw Vellyst-verk-

ar

ar, Volædi Efinnlegt.

Minning Christi Krossfesta, Krossfesti þijna Holdsins Sijlld, Umþeynking eilijfs Neysta, i þier slockve Saurlijfis Ellde, Of-Hita Holdsins Breka, hepti Ydrunar-Tar, Elfku þess ætijd freka, Otti Guds deyfi klear, Sparsemi sær sier setur, sijfelldt i Dryck og Mat, Lastvar so laangtum betur, Losta-Gyrnd fordast gat.

Alltjafnt skallt einhver vinna, Annrijkis Storf, þo Naudsynlig, sijdur kann Færi finna, Freistarinn til ad svijkia þig: Davids Illgiordum olli, ad Ydiulaus framgeck hann, Joseph frelsti þad Falli, frijlega þioona vann, brosandi Bragda Refur, bruggar þier Svikinn ill, Banvænann Hala hefur, honum þig stijnga vill.

Hætter Hreinlijfis Bloomi, hvar sem Sælgiæti gnæfir frekt, giættu ad Drottins Doomi, driigdu þvi eckert Svivyrdilegt, i Hoofi skallt Holldid ala, haga Gudlega þier, Heilagt hugsa og tala, heyrir Gud allt og sier, Kiærleikans riooduft Roosa, riettkollud Sæl min siert, Skijrlijfis Liliann liooса, lijka einninn þu vert.

